



## 7. fundur

7. fundur svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem var haldinn miðvikudaginn 28. september 2016, kl. 15:00. Fundurinn var haldinn á skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbær.

Mætt eru:

Ólafur Þór Ólafsson, Sveinn Valdimarsson, Áshildur Linnet, Ásgeir Eiríksson, Jón Emil Halldórsson, Magnús Stefánsson, Kristinn Benediktsson, Guðmundur Björnsson, Marta Sigurðardóttir, Sigrún Árnadóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi boðuðu forföll Róbert Ragnarsson, Guðlaugur M. Sigurjónsson, Kjartan Már Kjartansson, Einar Jón Pálsson

Formaður setti fundin og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- Undirritun fundargerðar frá 27. janúar 2016.  
Fundargerð hafði verið send nefndarmönnum með rafrænum hætti fyrir fundinn. Var hún samþykkt samhljóða.
- Kynning á vinnslutillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030. Bréf dags. 16.06.2016.  
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir engar athugasemdir við vinnslutillöguna á þessu stigi.
- Kynning á samstarfi Sandgerðisbæjar, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs vegna atvinnu- og þróunarsvæðis á Miðnesheiði. Án gagna.  
Formaður Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja og fulltrúar frá sveitarfélaginu Garði og Sandgerðisbæ gerðu grein fyrir stöðu málsins fyrir nefndarmönnum. Sögðu frá því að verkefnið hefði speglun í Svæðisskipulag Suðurnesja sem og að unnið væri þvert á sveitarfélagsmörk í þessu verkefni. Nefndarmenn voru sammála að gott væri að halda þeim upplýstum á vettvangi svæðisskipulagsins. Formaður nefndarinnar mun taka saman fundargerðir stýrihópsins og verða þær sendar nefndarmönnum Svæðisskipulagsins.
- Vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum. Staða mála.  
Formaður gerði grein fyrir stöðu mála. Nefndin óskar eftir því við bæjarstjórar aðildarsveitarfélaganna hlutist til um áframhaldi úrvinnslu til að tryggja vatnsöryggi á Suðurnesjum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MS", "KB", "1 | b | s.", and "S. Vald".